



**Fundargerð  
aukaaðalfundar Heilbrigðiseftirlits  
Suðurlands bs.**

Hótel Selfoss 16. júní 2022

## 1. Aðalfundarstörf

### a. Setning – formaður stjórnar

Helgi Sigurður Haraldsson formaður setur fundinn og býður fulltrúa velkomna.

### b. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Braga Bjarnason og Örnú Ír Gunnarsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns felur formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

Arna Ír Gunnarsdóttir fundarstjóri tekur við stjórn fundarins.

### c. Kosning í kjörbréfanefnd

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar HSL að kjörbréfanefnd:

<b>Kjörbréfanefnd</b>	<b>Sveitarfélag</b>
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Ari Björn Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir	Rangárþing ytra

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

### d. Skýrsla stjórnar

Helgi Sigurður Haraldsson formaður flytur skýrslu stjórnar. Ræðir hann um störf HSL. HSL starfar eftir lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfstöðvar eru tvær, í Vestmannaeyjum og á Selfoss.

Rekstur heilbrigðiseftirlitsins er lögbundið verkefni sveitarfélaga.

Ræðir hann um fjölgun verkefna HSL, en greinilegt er að Covid-19 tímabilið er afstaðið og eru mörg verkefni fram undan hjá eftirlitinu. Gistihús og veitingarstaðir eru þétt setnir en fáar hendur eru til að vinna þau verk sem snúa að heilbrigðiseftirliti á þessum stöðum. Það er mikilvægt að ná að sinna eftirliti og að frestir sem veittur eru til lagfæringar dragist ekki á langinn.

Helgi þakkar nefndinni og starfsmönnum Heilbrigðiseftirlitsins fyrir samstarfið.

Bragi Bjarnason fundarstjóri gefur orðið laust enginn tekur til máls.

### e. Skýrsla framkvæmdastjóra – Ársskýrsla 2021 – Ársreikningur 2021

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdarstjóri flytur ársskýrslu HSL. Heilbrigðiseftirlit eru hluti af innviðum sveitarfélaga en hlutverk heilbrigðiseftirlita er að gæta hagsmuna neytenda og náttúrunnar. Faglegar ákvarðanir nefndar eru sjálfstæðar. Samstarf við aðrar stofnanir er mikið og þá sérstaklega við sveitarfélög, ráðuneyti, UST og MAST. Starfssvæðið er stórt, Suðurland án Sveitarfélagsins Hornafjarðar og er náðið samstarf við átta byggingarfulltrúa á svæðinu. Þeim eru sendar allar umsóknir

um starfsleyfi til umsagnar áður en þær eru teknar fyrir hjá heilbrigðiseftirlitinu. Hún er ánægð með starfsfólkið sitt sem er reynslumikið en starfsmenn HSL eru 8. Meðal verkefna HSL er eftirlit með gæðum baðvatns á sundstöðum ásamt aðstöðu og öryggi gesta og eftirlit með gæðum neysluvatns í vatnsveitum.

- Ársskýrsla 2021 – kynnt og vísað til aðalfundar

- Ársreikningur 2021 – kynnt og vísað til aðalfundar

Sigrún þakkar fráfarandi nefnd fyrir gott samstarfs. Að lokum kynnir hún heimasíðu HSL og hvetur fulltrúa til að kynna sér hana.

Arna Ír Gunnarsdóttir fundarstjóri gefur orðið laust, Kjartan Björnsson tekur til máls um hreinsunaráttak á lóðum og lendum og hvetur til að bætt verði í.

#### **f. Niðurstaða kjörbréfanefndar um lögmæti fundarins**

Árni Eiríksson formaður kjörbréfanefndar kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 48 en gild kjörbréf eru fyrir 33 aðalmenn og 5 varamenn. Alls eru 38 fulltrúar mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

#### **g. Kosning í Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2022-2026**

Bragi Bjarnason fundarstjóri tekur til máls og kynnir tillögu kjörnefndar SASS að fulltrúum í heilbrigðisnefnd.

##### **Aðalmenn**

Guðrún Magnúsdóttir  
Páll Tómasson,  
Örn Friðriksson,  
Fjóla St. Kristinsdóttir  
Kjartan Ólafsson

##### **Sveitarfélag**

Bláskógarbyggð, formaður  
Mýrdalshreppur, varaformaður  
Vestmannaeyjar  
Sveitarfélagið Árborg  
Sveitarfélagið Ölfus

##### **Varamenn**

Eggert Valur Guðmundsson  
Bjarni Ólafur Guðmundsson  
Hulda Kristjánsdóttir  
Bragi Bjarnason  
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir

##### **Sveitarfélag**

Rangárþing ytra  
Vestmannaeyjar  
Flóahreppur  
Sveitarfélagið Árborg  
Hveragerðisbær

Tillaga að fulltrúum í Heilbrigðisnefnd Suðurlands 2022-2026 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

#### **h. Önnur mál**

Bragi Bjarnason fundarstjóri gefur orðið laust.

Sigrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri tekur til máls og biður nýja stjórnarmenn að rísa úr sætum og kynna sig.

#### **2. Almennar umræður**

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

#### **3. Fundarslit**

Helgi Sigurður Haraldsson formaður óskar nýkjörinni stjórn til hamingju og fangar því að Guðrún skuli hafa verið kosinn formaður, þakkar hann fyrir góðan fund og þakkar starfsfólki og stjórn fyrir samstarfið.

**Fundi slitið kl. 9:23**

Fundarritari Rósa Sif Jónsdóttir